

EFTIRLITSNEFND MEÐ
FJÁRMÁLUM SVEITARFÉLAGA
EFS

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík
Sími 545 9000, netfang: postur@irr.is

Reykjavík 26. júní 2012
Tilv.: IRR11120132/18.11.3

Efni: Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir rekstrarárið 2011 ásamt fjárhagsætlun fyrir árin 2012 og 2013. Með tilvísun til 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012 er það mat nefndarinnar að fjármál sveitarfélagsins þarfnist frekari skoðunar. Eftir frumskoðun á fjárhagsupplýsingum er eftirfarandi niðurstaða nefndarinnar án tillits til ákvæða 12. og 14 gr. reglugerðar nr. 502/2012:

1. Jafnvægisregla. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B- hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Í því felst, eins og segir í 13. gr. reglugerðar nr. 502/2012, að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu. Eftirlitsnefndin hefur yfirfarið fjárhagsupplýsingar sveitarfélagsins og ekki verður annað séð en samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir ofangreind þrjú ár sé neikvæð.
2. Skuldaregla. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt þeim reikniðferðum sem lýst er í IV. kafla reglugerðar nr. 502/2012. Með hliðsjón af ársreikningi ársins 2011 er niðurstaða eftirlitsnefndar að skuldahlutfall sveitarfélagsins sé 292%.


Í 12. gr. reglugerðar nr. 502/2012 segir að skylt sé að undanskilja reikningsskil veitu- og orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum 13. og 14. gr. reglugerðar ef heildarútgjöld allra veitu- og orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B- hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum. Eftir skoðun á ársreikningi ársins 2011 er það niðurstaða nefndarinnar að sveitarfélagið uppfylli ákvæði 12. gr. reglugerðar þar sem hlutfall heildarútgjalda allra veitu- og orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta er umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélagsins og heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum. Niðurstaða nefndarinnar er að því beri að undanskilja reikningsskil veitu- og orkufyrirtækja sveitarfélagsins frá útreikningum á viðmiðum 13. og 14. gr.


reglugerðar.

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012 skulu sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem uppfylltu ekki viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hinn 1. janúar 2012, að teknu tilliti til útreikninga skv. IV. kafla framangreindrar reglugerðar, fyrir 1. september 2012 samþykkja áætlun um hvernig þau hyggjast ná viðmiðunum. Heimilt er að gera ráð fyrir að viðmiðunum verði náð á allt að tíu árum, frá 1. janúar 2013 að telja, sé slíkt nauðsynlegt í því skyni að áætlunin verði raunhæf. Sveitarstjórnir skulu þó leitast við að hafa aðlögunartímann eins stuttan og unnt er. Samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar er eftirlitsnefndinni falið að tilkynna sveitarstjórnnum fyrir 1. júlí 2012 hvort þær þurfa að semja áætlun samkvæmt ofansögðu. Ráðherra getur veitt sveitarstjórn frest í allt að tíu vikur til að ljúka afgreiðslu áætlunar ef brýn nauðsyn krefur, enda liggi fyrir rökstudd beiðni ásamt tímasettri áætlun.

Til að hægt sé að úrskurða endanlega um hvort sveitarfélagið uppfylli ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga óskar eftirlitsnefndin eftir yfirliti um reikningsskil samstæðu þar sem reikningsskil veitu- og orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta reikningsskila sveitarfélagsins eru undanskilin. Yfirlitið innifeli rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi samstæðunnar án veitu- og orkufyrirtækja. Óskað er eftir yfirliti fyrir rekstrarárið 2011 ásamt yfirlitum vegna fjárhagsáætlana árána 2012 og 2013. Svör til nefndarinnar skulu berast eigi síðar en 16. júlí 2012.

Fyrir hönd Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson